



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að aðsetur sálfræðinga verði flutt út í skóla borgarinnar

Á fundi velferðarráðs 22. júní 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins sem á fundi velferðarráðs 14. september 2022 var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að nú þegar flytjist aðsetur skólasálfræðinga út í skóla sem geta tekið við þeim, sem hafa rými, borð og stól handa þeim. Flestir skólar hafa kallað eftir þessu lengi. Flokkur fólksins hefur barist fyrir því allt kjörtímabilið að sálfræðingum verði fjölgað og að sálfræðingar hafi aðsetur út í skólum en ekki á þjónustumiðstöðvum. Að sálfræðingar hafi aðsetur á þjónustumiðstöðvum frekar en úti í skólum er bæði óhagkvæmt og hvorki í þágu barnanna né kennara. Kostnaður vegna ferða sálfræðinga er um 3 milljónir á ári.

Skólasálfræðingar eiga að starfa þar sem viðfang og verkefni þeirra eru, þar sem þeir geta verið til taks og sinnt ráðgjöf samhliða viðtölum og greiningum. Því er ekkert að vanbúnaði að taka strax þá ákvörðun að sálfræðingar flytji aðstöðu sína út í þá skóla sem hafa rými, borð og stól fyrir skólasálfræðinginn. Enginn kostnaður hlýst þar af og gæti flutningurinn átt sér stað nú þegar. Ef horft er á þetta raunsætt vekur það kannski ekki svo mikla furðu hvað illa gengur að vinna niður biðlista barna til sálfræðinga. Nú bíða um 2011 börn eftir þjónustu. Biðlistinn var um 400 börn 2018. Hér er um brýnt forgangsmál að ræða.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Til að afla upplýsinga um málið var m.a. leitað álits fagstjóra grunnskólamála á miðstöðvum borgarinnar.

Skóla- og frístundasvið getur tekið undir það sem fram kemur í umsögn velferðarsviðs að mikil eftirspurn sé eftir þjónustu sálfræðinga og annarra sérfræðinga í skólaþjónustunni og biðlistar eftir þjónustu þeirra viðvarandi. Einnig tekur skóla- og frístundasvið undir umsögn velferðarsviðs varðandi það að unnið hafi verið að því að auka flæði erinda og beiðna með samræmdum verkferlum og snemmtækum inngrípum m.a. í því skyni að draga úr beiðnum eftir sálfræðilegum greiningum. Í verkefninu *Betri borg fyrir börn (BBB)* er unnið að því að bregðast sem fyrst við vanda barna innan skólans með fyrirbyggjandi og fjölþættum aðgerðum þannig að koma megi í veg fyrir tilvísanir sem mögulega er ekki þörf á.

Skóla- og frístundasvið telur mikilvægt að bæta og auka viðveru allra sérfræðinga skólaþjónustu í skólunum enda er það yfirlýst markmið í verkefninu *Betri borg fyrir börn (BBB)*.



Reykjavíkurborg

Skóla og frístundasvið tekur undir með velferðarsviði að nauðsynlegt sé að skapa vettvang fyrir þverfaglega samvinnu í miðstöð og þar gegna skólasálfræðingar mikilvægu hlutverki. Ef sálfræðingar væru alfarið úti í skólum myndu glatast tækifæri til þverfaglegrar samvinnu í miðstöð sem kæmi niður á heildstæðri þjónustu og ráðgjöf vegna barna.